

**Ed.**

### **53. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

**1. gr.**

Aftan við 9. gr. laganna bætist:

Gerðhólma við Garðskaga ..... ljósviti.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Siglingaleiðin við Garðskaga innanverðan er tvímælalaust ein fjölfarnasta siglingaleið við sunnanverðan Faxaflóa. Leið þessi er og talin viðsjárverð og ekki hættulaus, enda er þarna um hættulegar grynningar eins og Garðskagaflös og Gerðhólma að ræða. Telja sjómenn, að þarna skorti mjög á, að vitakerfi landsins sé svo öruggt sem skyldi, enda þótt hin mesta nauðsyn sé á, að svo sé frá siglingamerkjum gengið á þessari leið, að sjófarendur viti jafnan, hvar þeir eru staddir. Hefur reynslan og sannað, að hætta mikil stafar af því, hversu leið þessi er illa húin siglingamerkjum. Vitar þeir, sem á leið þessari eru, eru alls ekki fullnægjandi að dómi sjómanna, enda skortir mjög á, að þeir hafi fullnægjandi ljósmagn og lýsi yfir það svæði, sem nauðsynlegt verður að telja. Garðskagavitinn er af sjómönnum ekki talinn ljósmeiri en svo, að síðan rafljósinn komu í Garðinn, sjást ljós í húsum á undan vitaljósinu. Sama má segja um vitana á Vatnsnesi og í Sandgerði.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að viti verði reistur á Gerðhólma, og væri þá eðlilegast, að hann sýndi rautt ljós yfir Garðskagaflös, og mundi slíkt auðvelda mjög siglinguna fyrir Flösina. Þessi viti ætti einnig að vera öruggt siglingamerki inn með landinu fyrir sunnan Gerðhólmann og auðvelda alla siglingu á þeim stöðum, til hins mesta hagræðis fyrir alla þá, sem þar þurfa að fara um.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við sjómenn og útgerðarmenn af Suðurnesjum.